



ERINDISBRÉF

Fjallskilanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.

1. Nefndin skal skipuð fimm aðalmönnum og fimm til vara. Formaður er tilnefndur af sveitarstjórn en nefndarmenn skipta með sér öðrum verkum og rita fundargerð í tölvu samkvæmt fyrirmynd af fundargerð frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Allar fundargerðir eru sendar til sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps og vistaðar á skrifstofu sveitarfélagsins.
2. Nefndin haldi a.m.k. einn fund á ári og leggi á og jafni út fjallskil samkvæmt lögum og reglugerðum þar um. Við álagningu fjallskila verði þess gætt að fjár- og landeigendur beri þann kostnað sem réttum og fjallskilum fylgja.
3. Nefndin hafi umsjón með fjárréttum sveitarfélagsins og sjái til þess að þær verði lagfærðar tímanlega fyrir haustleitir ár hvert.
4. Nefndin hafi umsjón með vegi um fjárréttir og sjái til þess að þeir séu greiðfærir um haustleitir, einnig að réttarhúsin séu í viðunandi ástandi á sama tíma.
5. Nefndin skipi réttar- og leitarstjóra til eins árs í senn.
6. Nefndin hafi umsjón með að sækja fé í nágrannaréttir og koma óskilafé til og frá sveitarfélaginu eftir að lögbundnum réttum lýkur.
7. Nefndin meti þörf og taki ákvörðun um fjárleit eftir að lögbundnum réttum lýkur.
8. Að úrlausn annarra mála er upp kunna að koma um fjallskil, afrétt og riðu skal sveitarstjórn og fjallskilanefnd vinna sameiginlega að.
9. Fundarþóknun skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum Grímsnes- og Grafningshrepps.